



Skólaráð Tjarnarskóla
Fundargerð 48. fundar
3. fundur á skólaárinu 2024-2025
14. febrúar 2025 kl. 8.30

Mætt á fundinn:

Birna Dís Björnsdóttir, skólastjóri
Jökull Jóhann Karlsson, fulltrúi nemenda
Matthías Thorberg Magnússon, fulltrúi nemenda
Kristín Rós Egilsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks
Kristín Inga Guðmundsdóttir, fulltrúi kennara
Sigurborg Pálína Hermannsdóttir, fulltrúi kennara
Halla Helgadóttir, fulltrúi foreldra
Ólöf Arnalds, fulltrúi foreldra
Rosalie Rut Sigrúnardóttir, fulltrúi grenndarsamfélags
Margrét Theodórsdóttir, sat einnig fundinn.

Gestir fundarins voru nemendur í nemendaráði skólans:

Heiða Marín Ásmundsdóttir, 8. bekk,
Jakob Friðrik Jakobsson, 8. bekk.
Lóa Kristín Óskarsdóttir, 9. bekk
Saga Ljós Sigurðardóttir, 9. bekk
(Og þeir Matthías, 10. bekk og Jökull, 9. bekk, sem eru einnig í skólaráðinu)

Birna bauð fundarmenn velkomna á 3. fund skólaráðsins. Fulltrúar í nemendaráði boðnir sérstaklega velkomnir.

Dagskrá:

1. Skóladagatal 2025 – 2026

Drögum að skóladagatali 25-26 var dreift meðal fundarmanna og Birna fór síðan yfir hvern mánuð fyrir sig og bauð fundarmönnum að gera athugasemdir og koma með tillögur. Að þessu sinni viljum við hafa skólasetninguna 21. ágúst til þess að geta flýtt skólaslitum. Að lokinni nákvæmri yfirferð og umræðum var skóladagatalið næsta skólaár borið upp til samþykktar. **Samhljóða samþykkt.**

Samþykkt eintak verður sent á Skóla- og frístundasvið með fundargerð 3. fundar skólaársins 2024 – 2025, ásamt fylgiblaði, samkvæmt venju.

2. Afmælisviðburður Tjarnarskóla, umræður og hugmyndir.

Margrét fór yfir áætlun. Gengið hefur verið frá leigu á sal í lðnó þann 13. mars, n.k. Dagskrá er í burðarliðnum; ræður, tónlist og fleira. Facebókarsíða var stofnuð í nóvember þar sem fyrrverandi nemendum og starfsfólki er ætlað að fá tækifæri til að fylgjast með undirbúningi og settar hafa verið inn myndir og fleira til þess að gleðja þátttakendur og síðan verður settur „Viðburður“ um mánaðamótin. Verið er að skanna myndir úr gömlum albúnum sem verða aðgengilegar með því að slá inn QR-kóða þegar þar að kemur. Verið er að vinna að myndbandi um skólann í gegnum tíðina. Ætlunin er að hafa gömul verkefni á sýningu í einni stofu og ljósmyndasýningu úr verkefninu „Ertu normal“ í einni stofu.

Ráðgast um tímasetningu. Niðurstaðan varð 16 – 18 í lðnó og dagskrá hefst kl. 16.30. Hugmynd að hafa ljúfa tónlist þegar gestir eru að koma í hús. Tjarnó verður síðan opinn þegar formlegri dagskrá er lokið í lðnó og hægt að skoða skólann og þær sýningar sem verða í boði.

Rætt um að koma viðburðinum í fjölmiðla. Umsjónarkennarar ætla að grafa upp gamlar Facebókarsíður og auglýsa viðburðinn þar. Hugmynd að kanna með að kynna viðburð á Instagram einnig. Ef fyrrverandi nemendur óska geta þeir nálgast bekkjarlista (án símanúmera og netfanga) hjá okkur.

3. Hugmyndir að „opnum fundi skólaráðs þegar vorið nálgast.

Hugmyndir um Bjarna Fritzson og Vöndu Sigurgeirsdóttur, samfélagslögregluna, fyrirlesara um netöryggismál. Nemandi í 8. bekk var mjög hrifinn af samfélagslöggunni sem kom í gamla skólann hans í fyrra. (Við í Tjarnó fengum heimsókn frá þeim á síðasta ári fyrir nemendur, væri áhugavert að fá löggunnar með fyrirlestur fyrir foreldra.

4. Önnur mál

Fulltrúar nemenda minntust á matinn í hádeginu, segja suma nemendur ekki mjög sátta. Málið rætt og útskýrt að matvendi unglunga er þekkt fyrirbrigði og erfitt að gera öllum til geðs. Fáir aðilar eru á markaðinum sem selja mat í grunnskóla. Auk þess eru vandfundnir aðilar sem geta skaffað diska og hnífapör og taka óhreint til baka þar sem við höfum ekki aðstöðu til að þvo eftir matinn. Við erum samt alltaf tilbúin að hafa vakandi auga fyrir framboðinu. Kennarar borða einnig matinn, erum oftast sáttir. Einnig ræddum við matarsóun.

Fleira ekki rætt, skólaráðsmönnum þakkað fyrir góðan fund – og fundi slitið kl. 9.30

KIG/MT